

**139** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Gísla Jóns Nikulássonar, 23. des. sonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 23. des. 1914. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Gísla Jóns Nikulássonar.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með erfðaskrá Gísla Jóns Nikulássonar frá Norð-urkoti í Vogum, dagsettri 7. maí 1911, þar sem hann ánafnar allar eftirlátnar eigur sínar til styrktar munaðarleysingjum og fátæklingum í Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu, og skal sjóðurinn heita styrktarsjóður Gísla Jóns Nikulássonar.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins er við lok skifta á dánarbúi gefandans hinn 8. júlí 1913 úthlutað með 3171 kr. 74 au. í útistandandi skuld og 1135 kr. 56 au. í peningum, eða samtals 4307 kr. 30 au.

### 3. gr.

Vextina af sjóðnum skal leggja við höfuðstólinn þangað til hann nemur fullum tíu þúsund krónum, og má þann höfuðstól aldrei skerða.

### 4. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri fjárhæð, sem greint er í 3. gr. hjer á undan, skal verja vöxtum hans svo sem hjer skal greina, og gangi þeir fyrir við styrkveitingar, er þörfina hafa mesta:

- a. Til uppdís fimm börnum sjóðruknaðra manna úr Ytra-Akraneshreppi, allt til fullra 15 ára aldurs, 80 kr. til hvers barns á ári.

Skilyrði fyrir því að barn njóti styrksins er, að hvorki faðir þess eða móðir hafi notið eða njóti sveitarstyrks, og að faðir þess hafi stundað fiskiveiðar 3 ár áður en hann druknaði, en það skiftir ekki máli, hvort hann hefir druknað af fiskiskipi, báti eða hverju fari sem er.

- b. Sjeu ekki svo mörg börn til, að vextir sjóðsins verði upp unnir, eða verði þeir ekki annars upp unnir, skal verja því, sem afgangsverður af ársvöxtunum þannig, að helmingurinn leggist við höfuðstólinn, en hinum helmingn-

um skal varið til styrktar fátækum sjúklingi úr nefndum hreppi á berkla-  
hælinu á Vífilstöðum, eða öðrum sjúklingi.

**139**  
23. des.

5. gr.

Stjórnarráð Íslands veitir sjóðnum forstöðu, varðveitir verðbrjef hans og veitir styrk úr sjóðnum. Höfuðstól sjóðsins skal ávalt ávaxta samkvæmt því, sem lög skipa fyrir um ávöxtun á ómyndugra fje. Verðbrjef sjóðsins skulu bera nafn hans og áteikning stjórnarráðsins um afhendingarbann. Það birtir árlega í B-deild Stjórnartíðindanna ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Þegar fje er til úthlutunar úr sjóðnum, auglýsir stjórnarráðið það á þann hátt, er það telur haganlegan. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu undirritaðar af móður eða fjárhaldsmanni hlutaðeigandi barns eða öðrum þeim, er ganga því í foreldra stað. Umsóknir um sjúkrastyrk sendi sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans.

Umsóknunum skulu fylgja ábyggilegar upplýsingar um, að hlutaðeigandi fullnægi skilyrðunum fyrir því að njóta styrks úr sjóðnum.

Áður en stjórnarráðið veitir styrk úr sjóðnum til uppeldis börnum, leitar það umsagnar hreppsnefndarinnar í Ytra-Akraneshreppi og sóknarprestsins þar.

**Í stjórnarráði Íslands, 22. desember 1914.**

F h. r.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*